



Bæjarstjórn Kópavogs

Bæjarstjóri frú Ásdís Kristjánsdóttir

Hjálagt fylgir afrit af bréfi sem við íbúar við Hlíðarveg 61,63 og 65 sendum Bæjarráði Kópavogs 1. Ágúst 2019. Endurtek 1. Ágúst 2019. Tekið skal fram að Bæjarráð Kópavogs hefur ekki enn svarað þessari beðni okkar heldur hundsáð hana.

Þar sem ný bæjarstjórn og nýr bæjarstjóri hafa tekið við völdum síðan bréfið var ritað í ágúst 2019 viljum við áréttta þessa beðni okkar og vonum að ný Bæjarstjórn taki upp þetta mál og a.m.k. svari þessari beðni okkar.

Kópavogi 14. apríl 2023

Sverrir Jónsson Hlíðarvegi 61

Atli Már Markússon Hlíðarvegi 63

Runólfur Þórðarson Hlíðarvegi 65

Bæjarráð Kópavogs

Hr. Formaður Birkir Jón Jónsson

Við undirritaðir íbúar og eigendur að húseignum á Hlíðarvegi 61, 63 og 65 Förum þess á leit að gerð verði bílastæði fyrir framan húseignirnar okkar sem samsvara bílastæðum utar við Hlíðarveginn.

Gestir okkar hafa margsinnis verið sektaðir fyrir að leggja bílum sínum upp á graskanti við veginn og höfum við mótmælt harðlega við lögreglu vegna þessa. Það bar árangur þar til bílastæðasjóður Kópavogs tók til starfa að sektir upphófust aftur og unum við því illa.

Rætt var við bæjarstjóra, Ármann Kr. Ólafsson fyrir þremur árum síðan og seinna við Steingrím Hauksson að gerð verði bílastæði við götuna en án árangurs.

Allir vita þegar mikið fjölmenni kemur saman vegna athafna í Digraneskirkju þá er bílum lagt upp á graskanta beggja vegna götunnar og er það látið óátalið af yfirvöldum.

Engin umferðamerki eru við götuna sem banna bílastæði við götuna og höfum við beðið gesti okkar að leggja í götunni án þess að fara upp á graskantinn. Þetta veldur umferðatöf og slysaættu sem við teljum vera verri kost en að leggja upp á graskantinn.

Við erum orðin leið og þreytt á því ófermdarástandi sem yfirvöld hafa sýnt gestum okkar með óréttlátum sektum þegar við fáum heimsóknir, þar sem engin bílastæði eru í götunni.

Það er drjúgur spölur fyrir gesti okkar að leggja bílum sínum í bílastæði sem byrja við Hlíðarveg 57 ef þá eru laus bílastæði þar.

Er því eindregin ósk okkar að farið verði sem fyrst í þessar framkvæmdir.

Svar óskast frá bænum um þessa beiðni okkar.

Kópavogi 1. Ágúst 2019

Sverrir Jónsson

Rannveig Guðmundsdóttir

Hlíðarvegi 61



Atli Már Markússon

Jóhanna Ósk Jensdóttir

Hlíðarvegi 63



Runólfur Þórðarson

Hlíðarvegi 65

